



Leiðbeiningar um þrif til að koma í veg fyrir dreifingu COVID-19

Við höfum tekið saman eftirfarandi gátlista fyrir þrif sem byggir á tilmælum Sóttvarnarstofnunar Bandaríkjanna (CDC). Geymdu afrit sem vísa má til við þrif eða afhentu eintak fagaðila sem sinnir þrifum fyrir þig.



Gátlisti þinn fyrir þrif

☐ Loftræstu herbergi áður en þú þrifur.

Láttu ferskt loft leika um þau í að minnsta kosti 20 mínútur. Hafðu alla glugga opna við þrif ef það er mögulegt.

☐ Þvoðu hendurnar vandlega fyrir og eftir hver þrif.

Notaðu sápu og vatn og nuddaðu hendurnar í að minnsta kosti 20 sekúndur. Ef það gengur ekki skaltu nota handhreinsiefni með að minnsta kosti 60% alkóhóli.

☐ Notaðu einnota hanska við þrif.

Farga skal hönskum eftir hver þrif. Mundu að þvo hendurnar um leið og þú tekur hanskana af þér.

☐ Kaupu pappírspurrkur, sótthreinsipurrkur og aðrar einnota hreinsivörur.

Ef þú kýst að þrifa með endurnýtanlegum vörum skaltu þvo þær í þvottavél við hæstu hitastillingu sem hentar efninu.

☐ Þrifðu og sótthreinsaðu síðan.

Þrif eiga við um að nota sápu eða hreinsiefni og vatn til að fjarlægja óhreinindi, sýkla og sora. Sótthreinsun vísar til notkunar efna eins og bleikiklórs eða alkóhóls til að drepa sýkla. Besta leiðin til að draga úr smithættu er að gera hvort tveggja.

☐ Notaðu rétt sótthreinsiefni.

Talið er að flest algeng sótthreinsiefni fyrir heimilið, (sem skráð eru hjá Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA)), sem og hreinsivökvi með útbýntum bleikiklór eða a.m.k. 70% alkóhóli virki vel gegn kórónaveirunni.

☐ Leggðu áherslu á mikið notaða snertifleti.

Ljósarofar, hurðarhúnar, fjarstýringar og handföng á blöndunartækjum eru nokkur af þeim svæðum sem þarf að sótthreinsa. (Skoðaðu lista okkar yfir mikið notaða snertifleti á síðu 2).

☐ **Ekki gleyma sófum, gólfteppum, gardínum og öðrum mjúkum, gropnum yfirborðum.**

Fjarlægðu vandlega öll óhreinindi sem sjást og þrífðu svo með viðeigandi hreinsiefnum. Ef mögulegt er skal þvo hluti í þvottavél í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

☐ **Þvoðu allt lín við hæstu hitastillingu sem framleiðandinn mælir með.**

Þetta eru m.a. rúmföt, dýnuver, hand- og baðhandklæði, viskastykki og teppi. Notaðu hanska við meðhöndlun á óhreinum þvotti.

☐ **Þrífðu og sótthreinsaðu þvottakörfur.**

Íhugaðu að nota poka að innan sem er einnota eða sem má þvo í þvottavél.

☐ **Tæmdu ryksuguna eftir hver þrif.**

Sótthreinsaðu ryksuguna ásamt öðrum hreinsitækjum eins og uppvottavél og þvottavél.

☐ **Mundu að athuga fyrningardagsetningar á birgðunum þínum.**

Mundu að blanda aldrei saman bleikiklór fyrir heimili og ammoníaki eða neinni annarri hreinsilausn. Það getur gefið af sér eittraðar lofttegundir.



Hvað þarf að þrifa og sótthreinsa

Ertu að þrifa eign fyrir nýjan gest? Farðu sérstaklega vel yfir þessa mikið notuðu snertifleti.

Almennt:

- Hurðarhnúðar
- Viftu- og lampakeðjur
- Rusla- og endurvinnslutunnur
- Hárþurrkur
- Straubretti og -járn
- Lyklar
- Ljósarofar
- Handrið
- Fjarstýringar
- Borð
- Hitastillar
- Gluggakistur og gluggahandföng

Eldhús:

- Heimilistæki: kaffivél, ofn, hraðsuðupottur, brauðrist o.s.frv.
- Skápahandföng

- Bragðbætir: olía, salt- og piparstaukar, algeng krydd og ílát o.s.frv.
- Stólar með hörðu baki
- Eldhússáhöld sem má ekki setja í uppþvottavél: postulínsskálar, plastáhöld fyrir börn o.s.frv.

- Vaskar

Baðherbergi:

- Handföng á blöndunartækjum
- Sjampó, hárnæring, líkamssápa og sápuskammtarar
- Sturtuhengi og -hurðir
- Sturtur og baðker
- Vaskar

- Salerni

Svefnherbergi

- Herðatré og farangursgrindur
- Náttborð

Hreinlætistæki:

- Uppþvottavélar
- Ryksugur
- Þvottavélar og þurrkarar

Barnavörur:

- Barnastólar
- Færanleg ungubarnarúm og leikgrindur
- Leikföng

Önnur þægindi:

- Reiðhjól
- Bækur
- Brimbretti
- Borðspil

**Þetta efni er byggt á upplýsingum sem Sóttvarnarstofnun Bandaríkjanna (CDC) gefur opinberlega út. Hvorki CDC né Airbnb styður þetta efni. Airbnb gefur enga yfirlýsingu eða ábyrgð af neinu tagi, hvorki beint né óbeint, varðandi það hvort allt komi fram í efninu, hvort það sé rétt, áreiðanlegt, viðeigandi eða til taks sama hver tilgangurinn er. Þú berð því alfarið ábyrgð á því hve mikið þú treystir á þessar upplýsingar.*